

Hvar ströndum vér?

FYRIRLESTUR, FLUTTUR Á KYRKJUFINGI UNITARA Á GIMLI 2. APRÍL 1905.
eftir

Síra MAGNÚS J. SKAFTASON.

Það kann nú mörgum að finnast, að eg hafi hér ótilhlýðileg orð, er eg í baráttu vor Unitara kem fram með þessa spurningu: hvar ströndum vér?— eins og væri Unitarar strandaðir, og gætu aldrei sett upp seglin frammar. En eg á eiginlega ekki við það, heldur við hinn þunga andróður, sem vér höfum haft alla daga, við þessa harðkleifu múrveggi, sem vér þurfum yfir að stíga, sem stundum alveg stöðva ferð vora, svo að vér stöndum ráðalausir uppi við þessa skergarða, sem liggja beint fyrir stafni, og virðast munu brjóta skipin í spón, sem siglt er inn á milli þeirra.

Það hefir verið sagt, að hin unitariska hreyfing meðal Íslendinga hafi fyrst byrjað í Winnipeg. Það getur vel verið; eg veit eiginlega ekkert um byrjun þeirrar hreyfingar, nema það, að Björn sál. Pétursson kom þangað, og svo hitt, að sú hreyfing hafði engin áhrif á Ný-Íslendinga. Björn sál. Pétursson held eg að hafi einu sinni komist ofan til Nýja Íslands í þeim erindum, að boða mönnum trú, en fékk engan, eg held ekki einn einasta mann til að hlusta á sig, og svo var það búið. Það, sem eg vil minnst á, og það sem vakti Ný-Íslendinga til að íhuga trú sína, var það, að einhvern veginn án þess að taka eftir því, flutti eg ræðustúf, þar sem eg neitaði eilífri fyrirdæmingu, og bárust fréttir um það sem hvalsaga upp til Winnipeg, og formenn kyrkjufélagsins gjörðu þegar út menn, sr. Hafstein Pétursson og Árna Friðriksson, til þess að fá mig til að kalla attur. Eg hafði aldrei flutt neinar vítiskenningar, en þegar svona var brugðist við, er eilífum þínslum helvítis var neitað, þá fóru menn að hugsa sig um, þá fóru menn fyrst að rannsaka, hvað það væri sem þeir trúðu. Síra Hafsteinn sat yfir mér einn eða tvo daga, og vildi grafást eftir, hvað eg meinti með þessu, og hvert eg stefndi, en eg sagði honum, að eg vildi leita eftir